

# VOTLENDISBINGÓ

Votlendisbingó er leikur þar sem nemendur ganga á milli með bingóspjöld. Þeir eru að svara spurningum og ræða málin. Nemendur reyna að ná bingó með því að svara spurningum sjálfir og finna fólk sem getur hjálpað þeim.

## Markmið:

Að kveikja áhuga, festa og miðla þekkingu um votlendi. Einnig að nemendur geta kynnst meira sín á milli.

## Tími:

20-30 mínútur

## Aldur:

12 ár og eldri

## Framkvæmd:

Aðferð: Hver nemandi fær eitt bingóspjald sem má ekki skoða fyrr en leikurinn byrjar.

Þegar leikurinn byrjar þá skoða nemendur spurningar og reyna að svara þeim sem þeir geta eða finna einhvern annan í bekkum sem getur svarað.

Þegar það er gert, skrái nemandinn nafn sitt í bingóreitinn.

Þegar bingóspilari telur að hann hafi fundið svör við öllum spurningum, kallar hann bingó.

Allir gera hlé á leiknum á meðan sigurinn er sannreyndur.

Ekki þarf að skrifa svörin öll sjálf á bingóspjaldið, heldur þarf nemandinn að svara þeim munnlega. Ef hann getur svarað öllu er hann sigurvegari, annars heldur leikurinn áfram þangað til að næsti kallar bingó.

Eftir leikinn er mikilvægt að spjalla um þau mál sem standa á bingóspjaldinu.

Lykilhugtök: Votlendi, framræsla votlendis, endurheimt votlendis, loftslagsbreytingar, gróðurhúsaáhrifin

Lesefni: Mikilvægi votlendis, Búsvæðisvernd, Um votlendi, Endurheimt votlendis

Eru framræst  
votlendi blaut  
eða þurr?

Finndu einhvern  
sem veit  
afhverju  
votlendi voru  
framræst.

Nefndu einn  
fugl sem verpir í  
votlendi.

Finndu einhvern  
sem veit  
afhverju  
votlendi eru  
mikilvæg.

Eru froskar í  
íslenskum  
votlendum?

Nefndu eina  
plöntu sem  
þrífst í  
votlendi.

Finndu einhvern  
sem hefur  
komið í mýri.



Hvað heitir  
þessi planta?

Hvað þarf að  
gera til að  
endurheimta  
votlendi?

Eru gíraffar í  
íslenskum  
votlendum?

Hvað heitir  
votlendið fyrir  
framan  
Norræna húsið?

Hvernig eru  
votlendi  
þurrkuð upp?



Hvað heitir  
þessi fugl?

Finndu einhvern  
sem hefur  
hoppað yfir  
skurð

Hvernig eru  
votlendi  
endurheimt?